



Dögg Pálsdóttir, lögfræðingur, nýr framkvæmdastjóri LÍ.



Sólveig Jóhannsdóttir, hagfræðingur, fráfaramandi framkvæmdastjóri LÍ.



Ingvar Freyr Ingvorsson nýráðinn hagfræðingur LÍ.

## Starfsmannabreytingar hjá Læknafélaginu

# Dögg tekur við af Sólveigu og Ingvar bætist í hópinn

Dögg Pálsdóttir, lögfræðingur Læknafélags Íslands, er nýr framkvæmdastjóri félagsins. Hún tekur við af Sólveigu Jóhannsdóttur hagfræðingi sem gegndi starfi framkvæmdastjóra í 12 ár.

„Ég gat ekki skorast undan því að taka við keflinu af Sólveigu og vona að mér takist að halda jafn vel á málum og hún hefur gert. Auk þess sinni ég áfram lögfræðilegum verkefnum fyrir félagið,“ segir Dögg sem verið hefur lögfræðingur LÍ frá ársbyrjun 2011. „Svo kemur í ljós hvort framkvæmdastjóráverkefnið reynast svo umfangsmikil að ráða þurfi annan lögfræðing til félagsins.“

Sólveig er nýr framkvæmdastjóri Röntgen Domus. „Það er afar gott að starfa með læknum. Sú víska auðveldaði ákvörðunina um að taka við starfinu sem bauðst hjá Röntgen Domus. Ég kveð LÍ með söknuði og þakka fyrir afar gott samstarf við ykkur öll árin hjá félaginu.“

Við þessar breytingar var ákveðið að auglýsa eftir hagfræðingi til starfa hjá LÍ. Ingvar Freyr Ingvorsson var ráðinn í starfið frá 1. september. Hann starfaði áður sem hagfræðingur hjá Samtökum verslunar og þjónustu og Samorku. /gag



## Nýr bústaður Læknafélagsins

# Höfðabrekka við Hreðavatn

Mjög myndarlegt hús er nú risið í Höfðabrekku og var vígt 22. október. Það er stærra en önnur sambærileg sumarhús félagsins, með tveimur svefnálmum og miðrými, alls 120 fm. Svefnpláss er fyrir 10 manns í fjórum svefnherbergjum. Í hvorri álmu eru fullbúin baðherbergi með rúmgóðri sturtu. Heitur pottur er á stórum palli.

Útsýni yfir Hreðavatn er engu líkt, og hefur hreinlega lækningamátt. Allt í kringum vatnið er birkiskógur, og Skógræktin hefur líka haft hönd í bagga. Sundlaugar, golfvellir og skemmtilegar gönguleiðir eru á hverju strái, – fossinn Glanni svikur engan og einföld ganga á Grábrók er allra meina bót.

Orlofshúsin eru sameign lækna og félagið hvetur fólk til að ganga um þau af alúð og sóma. Ef einhverju er ábótavant varðandi húsin, umgengni eða viðskilnað fyrir gesta látið þá umsjónarmann eða skrifstofu félagsins vita.

-VS



Jörundur Kristinsson heimilislæknir og formaður orlofssjóðs, og Sveinn Magnússon læknir í heilbrigðisráðuneytinu sem er fóstri hússins skála fyrir nýja húsinu. Myndir/Margrét Aðalsteinsdóttir